

Aðalfundur Hundaræktarfélagss Íslands var haldinn miðvikudaginn 15.Maí og hófst kl. 20:11

Stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar í félaginu sem haldinn var í hátíðarsal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík og hófust fundarhöld kl.20.11

Herdís Hallmarsdóttir, formaður félagsins flutti tilfinningaþrungið ávarp við upphaf fundar sem er sá fertugasti og níundi í 50 ára sögu félagsins. Þar kemur hún inná það ótrúlegt starf hefur unnist á þessum tíma hvað varðar ræktun á íslenska fjárhundinum sem fyrir ekki svo löngu síðan var í útrýmingarhættu. Við búum í samfélagi sem ekki hefur veitt félaginu né hundum mikinn skilning í gegnum tíðina. En Herdís segir hlutina þó þokast í rétta átt og má þar nefna tilraunaverkefnið þar sem hundar hafa fengið að ferðast með strætó og þá einnig þau stöku kaffihús sem leyft hafa hunda. Herdís segir það mikilvægt fyrir okkur félagsmenn að líta um öxl og skoða það framfarastarf sem unnist hefur.

Herdís lýsir yfir vonbrigðum með vinnslu á nýrri skýrslu um áhættu af innflutningi hunda þar sem Willeberg var sérstaklega beðinn um að skoða hvort núgildandi reglur eigi rétt á sér. Þess í stað svaraði Willeberg því að mögulegt sé að annað en vísindaleg rök geti ráðið því hvernig regluverkið sé. Segir Herdís þetta ekki standast lögfræðileg rök og erfitt að sjá hvernig samfélagsleg, og hvað þá pólitísk rök geti réttlætt þær íþyngjandi reglur sem fjögurra vikna einangrunarvist er! Ósamræmi er í skýrslunni á milli umfjöllunarinnar og niðurstöðunnar. Hafði það verið eðlilegt að leggja mat á gildandi reglur og koma fram með afgerandi tillögur um nýtt regluverk eins og Willeberg var beðinn um að gera. Herdís segir félagið okkar öflugt og saman getum við látið raddir okkar heyrast og náð fram sanngjörnum og réttlátum reglum.

Herdís kemur inná það að mikilvægt er að horfa til framtíðar. Við eigum nú fasteign og fjármagn en okkur skortir aðstöðu til að halda hina ýmsu viðburði.

Skrifstofuhúsnæði HRFÍ er á söluskrá og um leið og raunhæft tilboð berst mun blásið til félagsfundar sem tæki ákvörðunina. Í framhaldi vonast Herdís eftir stuðningi frá borgaryfirvöldum.

Í ár fagnar sem fyrr segir félagið okkar 50.ára afmæli og því skal blásið til afmælishátíðar. Nefnir þar Herdís hugmyndir af því að ágúst sýning félagsins verði í sérstökum afmælisbúning, skruðgöngu til að vekja athygli á félaginu okkar ásamt hátíðarballi svo eitthvað sé nefnt. En viðburðir þessir eru allir í vinnslu hjá

afmælisnefnd félagsins. Í lok ræðu sinnar setur Herdís 49. aðalfund HRFÍ 2019 og skipar í framhaldi Ara Karlsson sem fundarstjóra og Ágústu Pétursdóttur, fundarritara er það samþykkt meðal fundargesta og er Herdís fagnað með lófataki. Ávarpið í heild sinni má finna í fylgiskjali fundargerðar.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Ari Karlsson var fundarstjóri og Ágústa Pétursdóttir fundarritari. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 3. Maí sl. og í Fréttablaðinu 4. maí sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin um öll dagskráratriði og gætu áhugasamir fundarmenn skráð sig undir viðeigandi liðum á mælendaskrá hjá fundarritara. Mælendaskrá væri opnuð eftir hvern lið og myndi fundarstjóri tilkynna hvenær mælendaskrá væri lokað um hvern dagskrárlíð. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Þorsteinn Thorsteinson, ritari stjórnar flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt í heild sinni á netinu en helstu punktar fara hér á eftir.

Stjórn skipuðu á síðasta ári:
Herdís Hallmarsdóttir, formaður
Daníel Örn Hinriksson, varaformaður
Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri
Þorsteinn Thorsteinson, ritari
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, meðstjórnandi
Guðbjörg Guðmundsdóttir, varamaður
Viktoría Jensdóttir, varamaður

Hundasýningar Haldnar voru þrjár alþjóðlegar hundasýningar og þrjár NKU Norðurlandasýningar á árinu. Sérstakar hvolpasýningar voru haldnar á föstudagskvöldi og voru fjórar talsins.

Norðurlandasýningarnar voru viðbót við sýningaflóru félagsins og með þeim opnast möguleiki á nýjum sýningatitli hér á landi.

Nýtt sýningasvæði var tekið í notkun fyrir útisýningarnar sem haldnar voru á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Almenn ánægja var með staðsetninguna og vonir standa til að það standi okkur áfram til boða.

Með upptöku sýningarkerfis frá danska hundaræktarfélaginu hafa sýningarnar tölvuvæðst. Þannig er hægt að skrá á netinu og fá dagskrá, umsögn og niðurstöður á netinu. Þetta er framfaraskref og sýningarnar með þessu nútímavæddar.

Breytingar voru gerðar á einkunnagjöf hvolpa á sýningum meðal annars til að aðlaga okkar einkunnagjöf að löndum FCI og Skandinavíu og einnig að sýningarkerfinu sem var tekið upp á árinu. Hefðum við haldið við okkar einkunnagjöf hefðum við þurft að borga fyrir nauðsynlegar aðlaganir á kerfinu, en að frágengnu hagsmunamati var þetta niðurstaðan.

Tölvukerfi Staða á tölvukerfi félagsins og gagnagrunni hefur verið í brennidepli sem áriðandi verkefni í starfsemi félagsins í fjöldamörg ár.

Það var því gleðiefni þegar DKK samþykkti að ganga til samstarfs við HRFÍ og bjóða okkur aðstoð sína og aðgang að danska tölvukerfinu.

Strax frá upphafi var ljóst að þetta yrði tekið upp í skrefum og með

sameiginlegu átaki stjórnar, skrifstofu og sýningarnefndar á starfsárinu hefur fyrsta skrefið nú verið tekið.

DKK hefur lagt mikla vinnu og fjármuni í tölvukerfi sitt en HRFÍ borgar sama fyrir aðgang að tölvukerfinu og deildir / klúbbar innan DKK gera.

Við borgum að sjálfsögðu fyrir þann kostnað sem þarf til að aðlaga tölvukerfið að okkar þörfum.

Hvað breyttist með fyrsta skrefinu? Óhætt er að segja að bylting hafi orðið í starfsemi félagsins með upptöku sýningarkerfisins frá DKK og í framhaldi af upptöku þess á sýningum var hægt að opna fyrir þann möguleika að félagsmenn skrái sjálfir hunda sína á netinu á sýningar.

Við getum nú skráð á hundasýningar þegar okkur hentar, erum ekki bundin af opnunartíma skrifstofu.

Hægt er að lesa umsagnir, einkunnir og úrslit allra hunda í rauntíma á netinu.

Kerfið er einnig bylting fyrir starfsfólk hundasýninga. Sýningarnar ganga hraðar fyrir sig og skriffinska er einfaldari. Það er minni hætta á villum og geymsla gagna er öruggari.

Starfsfólk skrifstofu og fulltrúar félagsins hafa verið dugleg að styðja við fólk og kann stjórn þeim sérstakar þakkir fyrir góða þjónustu.

Næstu skref Margir fletir eru á kerfisbreytingum og upptöku nýs verklags fyrir bæði starfsmenn og félagsmenn og enn er verið að slípa til ýmis atriði tengd þessu.

Sú vinna mun halda áfram á árinu og er þolinmæðisverk sem mun krefjast aðlögunar.

Vinna að því að ná að stíga næstu skref í upptöku kerfisins verða því í forgrunni en annað skrefið felst í að taka upp félagatal.

Helsta breytingin gagnvart félögum í HRFÍ er að þá eru tengdir saman hundar og eigendur þeirra. Það er hins vegar óljóst hvenær við náum þessu næsta skrefi en allir leggja sig fram.

Þriðja skrefið og síðasta er jafnframt það flóknasta.

Þá verða teknar upp ættbókarskráningar og utanumhald um heilsufarsupplýsingar.

Ný reglugerð um skráningu í ættbók Nýbúið er að samþykkja uppfærslu á Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ og taka nýju reglurnar gildi 1. júní 2019.

Forsagan er sú að stjórn óskaði eftir því við ættbókar- og staðlanefnd, að nefndin endurskoðaði reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI og reglugerð um dýravernd.

Vinnan fólst í að samræma reglugerðina nýjum lögum og málsmeðferðarreglum hjá FCI. Eins var passað að hún væri til samræmis við gildandi ræktunarreglur FCI. Eins vann nefndin almennan samburð á þeim kröfum sem gerðar eru um heilsufarsskoðanir einstakra hundakynja í þeim tilgangi að samræma reglurnar betur og gera þær aðgengilegri.

Búið er að uppfæra almennan hluta reglnanna og stefnt er að því að halda almennan félagsfund til að kynna þær vandlega.

Þá verður ráðist í að endurskoða og uppfæra kafla um ræktunarskilyrði á næsta starfsári. Þar verður horft til Norðurlandanna og upprunalands hverrar tegundar og verður sú vinna unnin í samráði við deildir félagsins og vísindanefnd.

Ný hundafimitæki Gaman er að geta þess að árangur og dugnaður íþróttadeildar hefur skilað sér í nýjum hundafimitækjum sem búið er að kaupa og verða tekin í notkun seinna á árinu.

Deidin hefur búið við aðstöðuleysi undanfarin ár og tækjabúnaður lúinn.

Undanfarið ár hefur stjórn í samstarfi við íþróttadeild leitað leiða til að fá styrki til að flytja inn tæki auk þess sem deildin óskaði eftir að fá að halda námskeið til fjáröflunar.

Íþróttadeildin rak veitingasölu á útisýningum félagsins við góðan orðstír til að afla fjár.

Þetta átak deildarinnar og sá árangur sem náðst hefur með nýjum tækjum verður vonandi til að efla starf deildarinnar enn frekar.

Þetta voru helstu atriðin sem stjórn þótti rétt að vekja athygli á en vakin er athygli á skýrslunni sem verður gerð aðgengileg á vef félagsins eftir fund.

Fundastjóri steig í pontu og lýsti mælendaskrá opna.

Atli Ómarsson steig í pontu, hafði hann orð á því að nýja kerfið sem HRFÍ tók í notkun á seinasta ári geti reynst mörgum erfitt. Kerfið sé á erlendu tungumáli og lagði hann upp með það að HRFÍ færi út í þýðingar á kerfinu líkt og félagið hefur gert á ýmsu öðru efni. Langaði Atla að vekja athygli á þessu og óskaði eftir álitni aðra fundagesta.

Guðný Ísaksen framkvæmdarstjóri steig í pontu og tók til máls. Guðný segir mikinn kostnað búa að baki því að þýða kerfið. Hafi félagið þurft að veita og meta og ákveðið hafi verið að taka kerfið inn áður en það yrði þýtt. Segir hún það ekki útilokað að það verði í náinni framtíð.

Atli Ómarsson steig aftur í pontu og tók til máls. Sagði hann svör Guðnýjar vera út úr kortinu og ekki í samræmi við þýðingar á öðru efni innan félagsins.

Guðný steig aftur í pontu og segist skilja skoðanir Ara. Hún segir gamla kerfið okkar hafa verið orðið úrelt og því þurft að fara sem fyrst í aðrar framkvæmdir. Þegar möguleikinn á því að þýða kerfið hafi verið kannaður reyndist það félaginu mjög kostnaðar samt. Kerfið einfaldar okkur mikið hvað varðar skráningar á sýningar ásamt vinnslu gagna á sýningum og utan hald.

Enginn annar hefur óskað eftir að skrá sig á mælendaskrá vegna þessa dagskráliðar og lýsir fundarstjóri hana því lokaða.

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar

Fundarstjóri bauð Guðnýju Rut Ísaksen, framkvæmdastjóra, í pontu til þess að fara yfir reikninga félagsins. Ársreikningarnir hafa verið birtir á heimasíðu félagsins og einnig var þeim dreift á fundinum.

Guðný fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar. Samantekt reikninga HRFÍ og RA – áætlanir byggjast á reikningum beggja félaga.

Guðný segir tekjur félagsins hafa aukist á milli ára og er skýringin á því aðalega vegna vörusölu. Breytingar hafa orðið á launakostnaði á milli ára sem Guðný segir vera eðlilegar. Starfsmönnum hefur fjölgað auk eðlilegra hækkana vegna kjaramála. Auk þess hefur liðurinn félagsstarf, sýningar og námskeið aukist á milli ára og má það rekja meðal annars til aukningar á sýningum ásamt aðkeyptri þjónustu.

Fundarmenn klappa fyrir Guðnýju og góðri kynningu á fjármálum félagsins.
Fundarstjóri þakkaði Guðnýju fyrir kynninguna og auglýsti mælendaskrá opna fyrir þennan lið.

Helga Þórðardóttir steig í pontu og spurði út í mögulegar ástæður fyrir lækkun á félagsgjöldum á milli ára.

Guðný Ísaksen framkvæmdarstjóri steig í pontu. Guðný svaraði því að lækkun félagsgjalda má rekja til tilraunaverkefnis sem HRFÍ fór út í þegar hvolpakaupendum var boðin frí félagsaðild fyrsta árið. Mikið stökk í þessu lið varð í framhaldinu sem núna fyrst reynir á. Hún segir félagsgjöldin þó vera há, sé horft til fyrra ára.

Fundarstjóri tekur til máls og óskar eftir samþykki ársreikninga og er hann samþykktur með miklum meirihluta fundargesta með handaruppréttingu.

4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Kristín Sveinbjörnsdóttir tekur til máls fyrir hönd siðanefndar HRFÍ.

Siðanefnd starfsárið 2018-2019 skipaði þær:

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir

Kristín Fjóla Fannberg

Til vara voru þau:

Hilmar Sigurgíslason

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Guðríður Valgeirsdóttir hætti störfum á síðasta ári og eru henni þökkuð vel unnin störf.

Á starfsárinu hefur nefndin fundað 8 sinnum. Á árinu 2018 bárust nefndinni 30 mál og það sem af er árinu 2019 eru málin orðin 17.

Af málum ársins 2017 er öllum málum lokið. Af málum ársins 2018 er öllum málum lokið. Af málum ársins 2019 er 11 málum lokið. Samtals voru því 45 mál afgreidd á starfsárinu. Úrskurðað var í 34 málum, 5 málum var vísað frá og 6 mál voru felld niður.

Úrskurðirnir 34 voru eftirfarandi:

Áminning fyrsta sinn, 25 mál.

Áminning öðru sinni, 5 mál.

Áminning í þriðja eða fjórða sinn, en sluppu við frekari refsingu vegna þriggja ára fyrningareglu, 1 mál.

Brottvísun í tiltekin tíma, 3.mál.

Úrskurðirnir voru vegna eftirtaldra brota:

14 mál; augnvottorð vantar.

10 mál; Önnur heilsufarsvottorð vantar

7.mál; tók of gömul eða ung eða ónóg hvíld.

3 mál; annað ótilgreint.

Steinunn Rán lagði fram fyrirspurn til siðanefndar hvers vegna úrskurðir væru ekki lengur birtir á netinu.

Guðný Ísaksen, framkvæmdarstjóri steig í pontu og tók til máls. Guðný minnir á að fulltrúar siðanefndar gegni þar sjálfboðastarfi og hafi sína verkferla. Fundagerðir eru gerðar eftir hvern fund sem hægt og rólega mjakast inn á heimasíðu félagsins.

5. Lýsing heiðursfélaga

Fundarstjóri steig í pontu og óskaði eftir samþykki því að heiðrun heiðurfélaga yrði tekin upp sem 4.liður dagskrár fundar í staðin fyrir undir liðnum önnur mál. Sú beiðni var samþykkt með handaruppréttingu fundargesta.

5.Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil

Fjárhagsáætlun stjórnar stendur að mestu óbreytt á milli ára. Breyting verður á skrifstofukostnaði vegna nýs tölvukerfis. Einnig er gert ráð fyrir auknu fjármagni vegna afmælishátíðar félagsins. Einnig eru stór verkefni framundan sem gætu breytt áætlun

Mælendaskrá:

Lára Birgisdóttir tók til máls og spurði út í kostnað vegna NKU og FCI funda

Guðný svarar að sá kostnaður sé 734.445 kr og hafi lækkað um 200.000 frá seinasta ári og reikna þau með því að fjármagn vegna funda verði svipað á þessu ári.

Ari lýsir mælendaskrá lokaða og leggur starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fram til samþykkis. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar er samþykkt með handaruppréttingu fundargesta með miklum meirihluta.

6. Lagabreytingar

Auður Sif Sigurgeirsdóttir steig í pontu og kynnti lagabreytingatillögu stjórnar. Ein tillaga um lagabreytingu frá Stjórn HRFÍ að beiðni Ungmennadeildar HRFÍ var lögð fyrir á fundinum.

Tillögur að lagabreytingum frá stjórn HRFÍ

Lögð er til breyting á 5. grein laga félagsins, grein b. 5. gr. b

verður b) Börn fullgildra félagsmanna og þátttakendur í starfi ungmennadeildar geta fengið aukaaðild að félaginu að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsaðild. Aukaaðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Aukaaðild veitir þó hvorki kosningarrétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundum deilda að Ungmennadeild undanskilinni. Gjald fyrir aukaaðild skal vera helmingur af félagsgjaldi

5. gr. b núverandi b) Börn fullgildra félagsmanna geta fengið aukaaðild að félaginu að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsaðild. Aukaaðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Aukaaðild veitir þó hvorki kosningarrétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundum deilda að Unglingadeild undanskilinni. Gjald fyrir aukaaðild skal vera helmingur af félagsgjaldi.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um breytingatillöguna. En enginn tók til máls.

Tillaga um breytingu á 5. gr. b var borin undir atkvæði fundarins. Tillagan var samþykkt með samhljóðandi greiddra atkvæða með handaruppréttingu.

Mælendaskrá:

7. Kosning formanns og stjórnarmanna skv. 10.gr laga félagsins.

Kosningarétt og kjörgengi á fundinum hafa þeir sem borgað hafa félagsgjald sitt fyrir 2019, að lágmarki fimm virkum dögum fyrir fundinn. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2019 voru sendir til félagsmanna í byrjun janúar.

Úr stjórn ganga: Daníel Örn Hilmarsson og Pétur Alan Guðmundsson sem meðstjórnendur og Viktoría Jensdóttir sem varamaður þeirra.

Í framboði til formanns HRFÍ er: Herdís Hallmarsdóttir Fundarstjóri lýsti því yfir að Herdís væri sjálfkjörin þar sem hún væri ein í framboði. Var kjöri Herdísar fagnað með lófataki.

Í framboði til embættis tveggja meðstjórnenda til tveggja ára eru: Guðrún Helga Harðardóttir, Heiðar Sveinsson, Mekkín Gísladóttir og Svava Björk Ásgeirsdóttir

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að taka til máls og kynna sig í stuttu máli.

Kynningar:

Guðrún Helga Harðardóttir: Er stödd erlendis en fyrir hennar hönd tekur til máls Íris Hildur Birgisdóttir. (kynningin hennar sem er á netinu, taka samantekt).

Heiðar Sveinsson: Hefur verið síðan 2007 þegar hann keypti sér labrador. Fann fljótt sinn vettvang innan HRFÍ þar sem hann fékk góðan stuðning innan retriverdeildar. Hefur verið stjórn Retriverdeildar og er formaður hennar í dag. Hefur miklar taugar til HRFÍ og skrifstofu þess og vill stuðla að góðu samheldni og halda í það sem vel er gert.

Mekkín Gísladóttir: Hefur verið í stjórn terrierdeildar. Hún segist reyna að vera eins virk í félaginu og hún getur. Hún segist geta stuðlaði að því að gera félagið betra fyrir alla félagsmenn og stuðla að betri hundamenningu. Mekkín vil koma laugarvegsgöngunni aftur á. Mekkín vill bæta það að við erum öllu að vinna fyrir hvort annað og megum hafa sjálfstæðar skoðanir.

Svava Björk Ásgeirsdóttir: Segist hafa átt hunda í mörg ár og starfar sem grunnskólakennari. Hún segir sjálfböðastarf okkar félagsmanna algjörlega vera undir okkur komið og vill hún leggja sitt að mörkum. (Samantekt)

Gengið til kosningar kl 21:30

Kosningum formlega lokið 21:35

Hlé tekið á meðan atkvæði voru talin.
Til baka 21:58

Samtals greidd atkvæði vegna meðstjórnenda =

Kosning:
Guðrún = 49
Heiðar= 88
Mekín= 40
Svava= 90

Í framboði til embættis eins varamanns til tveggja ára eru: Damian Krawczuk, Guðni B. Guðnason, Guðrún Helga Harðardóttir, Mekín Gísladóttir og Svava Björk Ásgeirsdóttir.

Kosning:
Damian = 11
Guðni= 87
Guðrún= 19
Mekín= 19
Ógild atkvæði = 2

Damian – Ekki mættur né staðgengill til að fara með kynningu.

Guðni – síðan 2001 með golden. Leggur mikið í ræktun á heilbrigðum hundum. (samantekt á kynningu) Auka skilvirkni mikill áhugamaður. Endurskoða ferla mikill áhugamaður, gagnagrunnar. Stytting á einangrunarmálun, skoðun að við eigum að fá þetta stytt. Nefnir hann þar ferðamenn sem koma inní landið óbólusettir veikasti hlekkurinn.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

Guðmundur A Guðmundsson

Kristín Erla

9. Kosning siðanefndar

Ari óskar eftir að Jónas Friðrik Jónsson taki við sem fundarstjóri undir þessum lið með samþykki fundargesta

10. Önnur mál

Lýsing nýs heiðursfélaga HRFÍ - Kristínar Sveinabjardóttur – flytjandi Herdís Hallmarsdóttir (Þórhildur Bjartmars tók saman)

Kristín Sveinbjarnardóttir hefur í áraraðir verið einn af máttarstólpum Hundaræktarfélags Íslands. Hún hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið frá því hún gekk til liðs við HRFÍ árið 1985 sama ár og hún eignaðist sinn fyrsta schäferhund. En Kristín var ein af stofnendum schäferdeildarinnar árið 1988 og var fyrsti formaður deildarinnar.

Kristín sat í stjórn Hundaræktarfélagsins frá árinu 1989 til ársins 1997 og var gjaldkeri félagsins alla sína stjórnarsetu. Auk þess hefur Kristín gegnt stöðu vara- formanns, verið skoðunarmaður reikninga, setið í ritstjórn Sáms og verið í siðanefnd félagsins í mörg ár. Auk þess starfað við sýningar félagsins sem sýningarritari og hringstjóri.

Enn mætti lengi upp telja, Kristín var í hópi þeirra sem byrjuðu að æfa hundafimi á Íslandi og var þátttakandi í fyrsta opinbera verkefninu sem var að fara með hunda í heimsóknir á sjúkrahús. Fyrir þátttöku í því verkefni var Kristín ein af þeim hundaeigendum sem voru heiðraðir árið 2013 þegar HRFÍ heiðraði afrekshunda í fyrsta sinn.

Kristín hefur alla tíð unnið að heilindum fyrir félagið og verið tilbúin að gefa félaginu starfskrafta sína þegar til hennar hefur verið leitað. Það ber ekki mikið á Kristínu og kannski margir sem varla vita hver hún er. En eins og hér hefur verið lýst hefur Kristín verið ómetanlegur stuðnings- og velgerðarmaður félagsins okkar samfleitt í 34 ár.

Fyrir þetta allt þakkar félagið Kristínu Sveinbjarnardóttur með því veita henni viðurkenningu sem heiðursfélaga Hundaræktarfélags Íslands og biður hana að taka við Gullmerki félagsins því til staðfestingar.

Kristín tók til máls og þakkaði félagsmönnum kærlega fyrir sig segir hún þetta hafa komið sér mikið á óvart.

Sameining Papillon og Phaléneideildar við Smáhundadeild HRFÍ. Flytjandi: Arnheiður Runólfsdóttir

Mál þetta var lagt undir stjórn HRFÍ og var samþykkt af þeim. Glæra.

Tillaga lögð undir fund með samhljóða samþykki

Önnur mál - umræður:

Ragnar Sigurjónsson tekur til máls. Hann óskar nýrri stjórn til hamingju. Hann kemur inná 50 ára afmæli félagsins. Haldið verður ball og vill hann ná inn fleiri félagsmenn.

Ef hann kemur með fleiri hvað fær hann í staðinn. Gulrót. Vill fjölga félagsmönnum og óskar eftir tillögum.

Halldór Björnsson óskar Kristínu til hamingju með titilinn og segir að það vanti inní kynninguna um Kristínu að hún hafi átt mikið og gott samstarf við retriiver deildina og stóð alltaf vel með deildinni. Hann kann henni góðar sögur og óskar henni enn og aftur til hamingju.

Herdís Hallmarsdóttir tekur til máls hún þakkar góðan fund og sýndan áhuga fólkinu sem gaf kost á sér. Hún óskar nýkjörnum stjórnarmeðlimum til hamingju og þakkar þeim stjórnarmeðlimum sem eru að hætta

Fundur slitinn kl:22:31